

Framkvæmdaleyfi



Samkvæmt reglugerð nr. 772/2012

Framkvæmdaleyfi þetta er gefið út til Orkuveitu Reykjavíkur og gildir til framkvæmda við borun rannsóknarborholunnar HR-01 í Meitlum. Leyfi þetta var samþykkt í bæjarstjórn sveitarfélagsins Ölfuss þann 27. júní 2024.

Framkvæmdaleyfið er í samræmi við aðalskipulag Ölfuss og byggir á deiliskipulaginu *Sveitarfélagið Ölfus – Meitlar – Deiliskipulag Rannsóknarsvæðis OR* sem birt var í B-deild stjórnartíðinda þann 13. maí 2024.

Framkvæmdarlýsing úr matsskyldufyrirspurn:

Framkvæmdin felur í sér borun tveggja rannsóknarhola, HR-01 og HR-02, uppbyggingu tveggja borplana, lagningu skolvatnslagna að borplani, afkastamælingu borholu, förgun affallsvökva, lagningu aðkomuvega að borplönunum og frágang. Heildarframkvæmdartími er áætlaður um 45 vikur. Áætlað er að gerð aðkomuvega og borplana taki allt að 16 vikum, borun 13 vikur með flutningi á milli borplana, upphitun eftir borun tekur 12 vikur og ef unnt verður að láta holurnar blása þá muni blásturspróf taka um 4 vikur samtals.


Fyrirhuguð framkvæmd var tilkynnt til Skipulagsstofnunnar þann 13. febrúar 2023 og lögð fram fyrirspurn um matsskyldu. Þann 18. apríl 2023 tók stofnunin ákvörðun um að framkvæmdin væri ekki líkleg til að hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér 111/2021 og teldist því ekki umhverfismatsskyld skv. lögum nr. 111/2021.

Framkvæmdaleyfi þetta gildir framkvæmda við borun rannsóknarholunnar HR-01.

Skipulagsfulltrúi Ölfuss er eftirlitsaðili framkvæmdarinnar. Framkvæmd skal samræmast samþykktum hönnunargögnum og allar breytingar á framkvæmd skal tilkynna til leyfisveitanda. Framkvæmdaleyfi þetta gildir í 12 mánuði frá útgáfudegi.

Sveitarfélagið Ölfus

Þarlákshöfn 10. mars 2025



Sigurður Steinar Asgeirsson

Skrifstofu- og verkefnastjóri
Sveitarfélagið Ölfus